

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið á þskj. 519, um breytingar á tryggingalöggjöfinni, er borið fram af ríkisstjórninni til staðfestingar á samkomulagi, er hún hafði beitt sér fyrir, að gert yrði til lausnar víðtækri vinnudeilu, er stóð yfir hér í landinu um nærri 3 vikna skeið skömmu fyrir síðustu áramót og valdið hafði víðtækri truflun í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar. Höfðu vinnuveitendur ekki getað fallizt á þær kröfur, sem verkálýðsfélögin gerðu um kauphækkunar eða fríðindi, sem miðuðu til aukinna útgjalda fyrir atvinnuvegina, enda viðurkennt af verkálýðsfélagunum, að engir fjárhagsmöguleikar væru fyrir hendi hjá atvinnurekendum til að mæta slíkum útgjöldum sem hér um ræðir. Væri það og ljóst, að mjög vafasamur hagnaður yrði af því fyrir launastéttir landsins að knýja fram hækkuð laun undir þessum kringumstæðum, sem beinlínis hefðu í för með sér hækkað verðlag og aukna dýrtíð í landinu.

Þegar sýnilegt var, að ekki var unnt að koma á samkomulagi á milli vinnuveitenda og verkálýðsfélaganna í kaupdeilunni, og vitað var, að með hverjum degi, sem verkfallið stóð óleyst, var kastað á glæ tugum og hundruðum þúsunda í verðmætum fyrir þjóðarheildina, beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, að deilan yrði leyst á þann hátt, að breytt yrði ýmsum gildandi lagafyrirmælum á þann veg, að lífskjör launþega í landinu yrðu bætt, svo að ekki þyrfti að koma til kauphækkunar og þar af leiðandi áframhaldandi verðbólgu. Voru síðan gerðir um þetta samningar á milli ríkisstjórnarinnar, fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa verkálýðsfélaganna. Eitt af þeim málum, sem samið var um þar, var, að tryggingalöggjöfinni skyldi breytt á þann hátt, sem farið er fram á í frv. því, sem hér um ræðir. Telur ríkisstjórnin sig vera svo skuldbundna við sérhvert atriði samningsins, að hér megi engu breyta, og krefst því skilyrðislaust samþykktar á frv. óbreyttu.

Eftir að samkomulag hafði náðst á milli ríkisstjórnarinnar og fulltrúa þeirra aðila, sem að framan greinir, voru samningsatriðin borin undir atkvæði stéttar-sambanda vinnuveitenda og vinnuþiggjenda til samþykktar eða synjunar, með þeim árangri, að þessir aðilar gengu að tillögunni, og var verkfallið þar með leyst. Hins vegar notaði ríkisstjórnin ekki þennan frest til þess að bera samningsatriðin undir fulltrúa annarra aðila í landinu, sem málið snerti, þ. e. alþingismennina, sem þó sátu hér að störfum á þessum tíma, til þess að þá þegar að fá vitneskju um afstöðu þeirra til málsins, heldur valdi ríkisstjórnin þann kostinn að semja um þessi mál upp á sitt eindæmi og beita síðan valdi sínu til þess að knýja málið fram óbreytt gegnum þingið, þvert ofan í vilja margra þingmanna, sem eiga að velja á milli þess að falla frá sannfæringu sinni við atkvæðagreiðslu um málið eða eiga það á hættu, að ríkisstjórnin verði að leita stuðnings stjórnarandstöðunnar til þess að koma málinu fram. Skal ekki hér rætt frekar, hversu óheppilegt það hefur verið að tefla þýðingarmiklu máli í slíka aðstöðu að þarflausu, þar sem ég tel vist, að auðvelt hefði verið að fá ýmis þau atriði löguð í því samkomulagi, sem aðilar virðast nú sammála um, að betur hefðu mátt fara og sjálfsagt hefði verið að breyta, ef um það hefðu komið fram óskir áður en gengið var endanlega frá samkomulaginu, sem nú virðist ekki mega hrófa við. En hitt get ég ekki látið vera, að benda á, að með þessari aðferð, sem hér hefur verið viðhöfð, hafa almannatryggingarnar verið dregnar inn í einhverjar þær harðskeyttustu vinnudeilur, sem komið hafa upp í landinu, og það með þeim árangri, að tryggingabæturnar eru notaðar til að mæta kröfum verkálýðsfélaganna á hendur atvinnurekendum, sem viðurkennt er að hafa ekki bolmagn til að mæta þeim. Hér er um svo alvarlegt tilræði að ræða gegn tryggingamálum þjóðarinnar, að mér er ómögulegt að fylgja því, að slíkt verði lögfest. Eigi það framvegis að verða hlutverk trygginganna að sinna þessum verkefnum, er sýnilegt, að grundvöllurinn, sem þær eru byggðar á, hrynur fyrr en varir og fólkið, sem byggt hefur afkomu sína á bótunum, stendur uppi með loforð ein, en engar efudir.

Þegar tryggingalögin voru rædd og afgreidd á Alþingi 1946, voru meginátökin um það eitt, hversu víðtækar tryggingarnar skyldu vera. Ég, sem frá upphafi vann að þessum málum í heilbr.- og félmn. Ed. fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, setti það að megin skilyrði fyrir fylgi við málið, að ekki yrði gengið lengra í lögbindingu bóta en svo, að öruggt yrði, að stofnunin gæti jafnan greitt bæturnar, svo að ekki þyrfti til þess að koma að draga úr þeim síðar eða fella þær að fullu niður. Varð þessi stefna ofan á við afgreiðslu málsins í þinginu. Svo að segja á hverju ári síðan hafa verið bornar fram breytingar á tryggingalöggjöfinni, sem allar hafa miðað að því að auka bæturnar, þótt eigi hafi tryggingunum jafnframt verið séð fyrir öruggum tekjum á móti, en þess hefur þó jafnan verið gætt af þinginu að ganga ekki lengra en svo í samþykkt þeirra tillagna, að eigi raskaðist sú regla, sem tekin var í upphafi um öruggan rekstur stofnunarinnar. Skerðingarákvaðum um greiðslu elli- og örorkubóta, sem sett voru á sínum tíma og falla áttu burt í árslok 1951, en voru framlengd fyrst til ársloka 1952 og síðar til ársloka 1954,

var beinlínis haldið vegna þess, að tryggingarnar voru enn ekki nægilega fjársterkar til þess að geta greitt öllum gamalmönnum og öryrkjum fullan lífeyri án tillits til efnahags nema með því að leggja þá mjög þunga aukna skatta á þjóðina til þess að mæta þeim útgjöldum. Stofnunin hafði að vísu safnað um 30 millj. króna í tryggingasjóði, en jafnskjótt og það var vitað, voru af núverandi fjármálaráðherra gerðar margendurteknar tilraunir til þess að rýra þessa upphæð með því að draga úr nauðsynlegum framlögum til trygginganna, til þess að þær gætu mætt öllum lögbundnum greiðslum og jafnframt safnað eðlilegum ágóða. Tókst að vísu að stöðva þessa óheillasókn á hendur stofnuninni, en þó ekki fyrr en of mikið hafði verið að gert og um þriðjung af þessu fé verið eytt. Meðal annars af þessum ástæðum var ekki unnt að auka elli- og örorkubætur svo sem þörf var á, þótt vitað væri, að þetta voru hinar mest aðkallandi umbætur á löggjöfinni. Þegar ríkisstjórnin hefur því nú ákveðið og samið um að hækka greiðslur vegna fjölskyldubóta um 19 millj. króna, þykir mér illa farið, að þær bæturnar, sem frekar en allt annað þurftu að hækka, skuli óbreyttar standa. Ég gerði því tilraun til þess að fá um það samkomulag í nefndinni og við ráðherra að setja inn ákvæði um skerðingu á fjölskyldubótum, þannig að menn með 44 þús. kr. tekjur á 1. verðlagssvæði og með 33 þús. kr. tekjur á 2. verðlagssvæði, fengju engar fjölskyldubætur með 2. og 3. barni, en að sú upphæð, sem líklegt þætti, að við það mundi sparast, yrði notuð til þess að hækka elli- og örorkubætur. Er sýnilegt, að ekki var hér einasta um að ræða réttláta breytingu, heldur mundi þetta í langflestum tilfellum koma sér betur fyrir hin efnaminni heimili, sem auk barna hafa oftast einnig fyrir einhverjum gamalmönnum eða öryrkjum að sjá. Um þessar tillögur náðist ekki samkomulag, og þar sem ég lít svo á, að miklu meiri nauðsyn sé á því að auka elli- og örorkulífeyrinn en að greiða fjölskyldubætur með 2. og 3. barni hátekjumanna, kaus ég að bera fram um þetta sérstakar tillögur í trausti þess, að unnt yrði að koma þeim fram í þinginu.

Skömmu fyrir áramótin var samþykkt hér á þinginu að fresta niðurfellingu á skerðingarákvæði vegna greiðslu elli- og örorkubóta til ársloka 1954. Er sýnilegt, að verði fjölskyldubætur þær, sem frv. ákveður, samþykktar breytingalaust, þá ber brýna nauðsyn til þess að stytta skerðingarfrestinn til loka þessa árs.

Ég legg því til, að auk þeirra breytinga, sem meiri hl. n. leggur til að gerðar verði á frv. og ég er samþykkur, þá verði það samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við brtt. á þskj. 579. Tillagan orðist svo:
Við 3. gr. Aftan við greinina bætist 2 nýjar málsg., er orðist svo:
Bætur samkvæmt þessari grein skulu til ársloka 1954 vera háðar þeim takmörkunum, að árstekjur hlutaðeiganda að viðbættum bótum fari ekki fram úr 44000 kr. miðað við vísitölu 155.
Til ársloka 1954 skulu grunnupphæðir elli- og örorkulífeyris samkv. 15. gr. laganna, sbr. 5. gr. þessara laga, hækka í 4400 kr. á 1. verðlagssvæði og 3300 kr. á 2. verðlagssvæði fyrir einstaklinga og tilsvarendi fyrir hjón.
2. Við 7. gr. frv. Í stað orðanna „til ársloka 1954“ komi: til ársloka 1953.

Alþingi, 22. jan. 1953.

Gísli Jónsson.